

Alþingi

Erindi nr. B117 / 704

komudagur 14/2 1994

Reykjavík, 14. febrúar 1994.

Allsherjarnefnd Alþingis,
frú Sólveig Pétursdóttir, formaður.

Þér hafið greint mér frá því, að í tengslum við afgreiðslu á frumvarpi til laga um öflun álitis EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið muni allsherjarnefnd gera tillögur um breytingu á frumvarpinu til að koma að heimildum til að veita málsaðila gjafsókn, ef atriðum í máli hans er vísað til slíkrar álitsoflunar.

Eins og sakir standa mun EFTA-dómstóllinn ekki enn hafa samið sér endanlegar starfsreglur, en í fyrirbyggjandi drögum að reglunum er meðal annars ráðgert að málsaðili geti leitað gjafsóknar hjá dómstólnum. Skilyrði fyrir gjafsókn á þeim vettvangi virðast þó vera öllu þrengri en þau, sem gilda fyrir gjafsókn eftir íslenskum réttarfarsreglum og tillögur allsherjarnefndar taka mið af.

Af þessu tilefni vil ég taka fram, að verði fyrnefnt frumvarp afgreitt með þeim breytingum, sem allsherjarnefnd leggur til, mun ég hlutast til um að löggin verði tekin til sérstakrar athugunar að þessu leyti þegar endanlegar starfsreglur EFTA-dómstólsins liggja fyrir. Við þá athugun verði kannað hvort og þá hvernig sé unnt að liðka fyrir því að málsaðili geti fengið gjafsókn hér á landi í tilvikum þar sem hann gæti ekki átt kost á henni hjá EFTA-dómstólnum og máli hefur verið vísað til dómstólsins til að afla álitis hans gegn vilja aðilans.

Virðingarfyllst,

